



# **Ársskýrsla**

## **2005**

### **og vorönn 2006**

**Aðalfundur Visku 30.maí 2006**

Valgerður Guðjónsdóttir  
Forstöðumaður

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>GRUNNSTARFSEMI</b> .....	<b>4</b>
<b>FORSTÖÐUMANNASKIPTI</b> .....	<b>4</b>
<b>NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2005 OG VORÖNN 2006</b> .....	<b>4</b>
<b>ÞÁTTAKA Á NÁMSKEIÐ</b> .....	<b>5</b>
MYND 1 .....	5
MYND 2.....	6
<b>SAMSTARFSADILAR NÁMSKEIÐAHALDS</b> .....	<b>7</b>
<b>FJARNÁM</b> .....	<b>7</b>
<b>FJARNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI</b> .....	<b>7</b>
<b>FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI</b> .....	<b>8</b>
<b>SAMSTARFSADILAR UM FJARNÁM</b> .....	<b>9</b>
<b>KYNNINGARSTARFSEMI</b> .....	<b>10</b>
<b>VIKA SÍMENNTUNAR, VISKA FYRIR ALLA – “HVAÐ STOPPAR ÞIG?”</b> .....	<b>10</b>
<b>SÉRVERKEFNI</b> .....	<b>11</b>
<b>MARKVISS RÁÐGJÖF</b> .....	<b>12</b>
<b>KVASIR</b> .....	<b>12</b>

**Fylgiskjal**

## **Inngangur**

Í skýrslu Visku fyrir árið 2005 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2005 og fram til vors árið 2006.

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Rannsókn- og fræðasetrinu Strandvegi 50 3. hæð. Alls hefur Viska þá til umráða í Setrinu skrifstofu, tvær kennslustofur, nemendaeldhús og aðgang að fundarherbergi til smærri funda og hópvinnu. Það rými er nú í auknum mæli notað sem námsaðstaða fyrir nema, sem stunda háskólanám hér í Vestmannaeyjum.

Viska leigir aðstöðu þessa í Setrinu og kaupir með henni þjónustu við símavörslu, þrif, póst og ljósritun. Ritari Rannsóknasetursins er enn sem fyrr Margrét Hjálmarsdóttir.

Viska leigir áfram kennslustofu á jarðhæð Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, en fær auk þess aðstöðu til viðbótar þörfum, en þá aðallega við námskeiðahald og próftöku.

Starfsemin hefur aukist og um leið þróast og og tekið breytingum í takt við eftirspurn. Kynning á hlutverki og starfsemi Visku í Vestmannaeyjum hefur skilað því að Viska er nú sjálfsagður og þekktur þáttur í bæjarlífinu og má gefa sér að flestir Eyjamenn viti fyrir hvað Viska stendur. Fjöldi þeirra sem sækir námskeið í visku eykst með hverju árinu.

## **Grunnstarfsemi**

### **Forstöðumannaskipti**

Eins og aðstandendum Visku er kunnugt lét Bergþóra Þórhallsdóttir af störfum sl. sumar og fluttist búferlum frá Vestmannaeyjum. Við starfi hennar tók undirrituð 1. ágúst 2005.

Starf haustsins fólst þannig fyrst og fremst í því að setja sig inn í störf og eðli starfsemi Visku sem og að hefja undirbúning námskeiða haustannarinnar.


### **Námskeið á haustönn 2005 og vorönn 2006**

Námskeiðahald að hausti hófst með útgáfu Námsvísis og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísir Visku er sem fyrr gefinn út í upphafi vor- og haustannar. Fjölbreytni og nýjungar eru hafðar að leiðarljósi við gerð námsvísanna. Samstarfsaðilum um námskeiðahald fjölgar kannski ekki eins og í fyrstu en hreifing er á því við hverja er skipt hverju sinni. Kemur það fyrst og fremst til af eftirspurn eftir ákveðnum námskeiðum. Enn eru það samt ýmist einstaklingar eða aðrar fræðslustofnanir sem sótt er til við almennt námskeiðahald. Ekki var ráðist í miklar nýjungar á haustönn þó starfsemi hveðrar stöðvar grundvallist nokkuð á þeim einstaklingum sem við þær starfa. Haustönnin þóttist takast ágætlega til eins og sjá má á eftirfarandi myndum og getið verður frekar hér á eftir undir einstökum liðum.

Námskeiðahald á vorönn 2006 fór af stað með starfsdegi Ísfélags Vestmannaeyja en Viska veitti ráðgjöf og þjónustu varðandi undirbúning og skipulag starfsdagsins. Þar á eftir sóttist Hitaveita Suðurnesja eftir því að Viska útvegaði leiðbeiningur á starfsdag hjá sér, sem að sjálfsögðu var brugðist við. Í lok vorannar fór svo fram fyrirtækisnámskeið hjá Vilberg Kökuhúsi bæði í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Tókst það afar vel og um frahald verður að ræða. Samstarf við stjórnendur fyrirtækja og samstarf við atvinnulífið, um fræðslu, hefur aukist og má vænta þess á næstu misserum að sá þáttur eflist enn frekar. Þannig starfsemi styrkir bæði Visku sem fræðslustofnun og ekki síður samstarfsfyrirtækin. Markviss ráðgjöf er þá gott hjálpartæki við skipulagsvinnu við slíka endur- og símenntun í fyrirtækjum og stofnunum. Fyrrum forstöðumaður hafði sótt nám í Markviss ráðgjöf og mun undirrituð sækja sikt námskeið þegar það fer af stað næst. Reiknað er með því að námskeið fari fram á komandi sumri á Akureyri eða Egilstöðum.

## Þátttaka á námskeið


Munur á þátttakendum eftir kyni helst nokkuð stöðugur en konur eru þó sem fyrr í töluverðum meirihluta. Þetta er svipað og gerist annars staðar á landinu, en við erum þó yfir meðaltali hvað þetta snertir. Fjölbreytni í námskeiðahaldi skiptir hvað mestu í þessu sambandi, en við skipulag námskeiða er haft í huga að sinna þarf báðum kynjunum eins og kostur. Það er og þá gert með því að hafa sem jöfnust skipti milli námskeiða sem kallast geta „karllæg” eða „kvenlæg” en það breytir ekki þeirri staðreynd að konur sækja fleiri námskeið hjá Visku en karlar.



**Mynd 1** Heildarfjöldi einstaklinga sem sóttu námskeið Visku frá haustinu 2004 til og með vorannar 2006.

Ef mynd 1 er skoðuð má sjá jafna aukningu þátttakenda á námskeið hjá Visku. Árið 2003 var frumár og starfsemin hófst ekki sem skyldi í skipulögðu námsekiðahaldi fyrr en á haustönninni. Árin tvö þar á eftir má sjá að þátttakendum fjölgar og allt bendir til að ef vel tekst til á haustönn 2006 muni það ár verða toppár í aðsókn á námskeið. Árin 2003 og 2006 sýna klárlega aðeins aðsókn aðra önnina.

Mynd 2 sýnir nánar aðsókn eftir önnum. Þar má glögglega sjá hvernig þátttakendum á námskeið fjölgar jafnt og þétt. Myndin sýnir einnig að meiri þátttaka virðist vera á vorönnnum en haustönnnum. Í raun eru það ólík námskeið sem tekst að halda að hausti en vori. Undirrituð hefur nú u.þ.b. eins árs yfirsýn. Sú yfirsýn segir að fönðurnámskeið ýmis konar takist betur á haustönnnum en tölvunámskeið o.þ.h á vorönn.



**Mynd 2** Heildarfjöldi einstaklinga sem sótt hafa námskeið Visku skipt í annir

Fjarkennd námskeið hafa verið að færast í vöxt, en Endurmenntun Háskóla Íslands, Símenntun Háskólans á Akureyri og Framvegis Miðstöð Símenntunar í Reykjavík eiga gott samstarf um námskeiðahald á landsbyggðinni. Varðandi fjarkennd námskeið þá kaupa fræðslustofnanirnar afnot af aðstöðu og búnaði Visku samkvæmt gjaldskrá. Hin leiðin er að Viska kaupir námskeið af stofnun eða einstaklingum fyrir ákveðið verð og reynir síðan að fylla á það sem svarar að minnsta kosti kostnaði. Þetta geta stofnanir og fyrirtæki í Vestmannaeyjum nýtt sér og fengið Visku til liðs við sig um að útvega eða setja upp ákveðin námskeið sem hæfa hverjum og einum. Sú breyting er í fjarnámi í Vestmannaeyjum að einstök fyrirtæki eða stofnanir hafa nú keypt fjarfundabúnaði og geta haldið fjarkennd námskeið án samstarfs við Visku. Ber að fagna því að slíkt er gert því það gerir ekkert annað en að auka fjölbreytni í námi út á landsbyggðina.

Gagnagrunnurinn Kópur var keyptur til nota við utanumhald námskeiða og skráningu fjarnema. Gagnagrunnurinn greinir einnig þátttöku eftir kyni og aldri og eru meðfylgjandi myndir unnar úr upplýsingum úr honum. Kópurinn býður upp á að reikningar og viðurkenningarskjöl séu unnin í honum. Farin hefur verið sú leið, eftir að undirrituð tók við, að keyra alla reikninga út á einum stað og því eru reikningar ekki unnir úr Kópi heldur Tok-forriti hjá ritara. Gagnagrunnurinn hefur sparað heilmikla vinnu og getur gert það enn frekar á næstu misserum ef í hann er skráð samviskusamlega. Fræðslumiðstöð atvinnulífs hefur þó gert þá kröfu að unnið verði eitt miðlægur gagnagrunnur, sem sýnir allar færslur á námskeiðum á landsbyggðinni, og er verið að vinna í því verkefni hjá þeim.

## **Samstarfsaðilar námkeiðahalds**

Af samstarfsaðilum þetta tímabil um námskeiðahald mætti helst nefna Stéttarfélagin í Vestmannaeyjum og Landsmennt, Tölvuskóla Vestmannaeyja, Framvegis miðstöð símenntunar í Reykjavík, Háskólann á Akureyri, Endurmenntun Háskóla Íslands, Svæðisvinnumiðlun Suðurlands. Forstöðumannaskipti urðu í Framvegis seint á síðasta ári og aðeins hefur það breytt þeirri starfsemi sem þar fer fram. Þeir bjóða þó sem fyrr mest upp á námskeið fyrir starfandi sjúkraliða. Auk þessara stofnana/fyrirtækja hefur Viska átt gott samstarf við einstaklinga sem tekið hafa að sér verktakavinnu við leiðbeiningu á námskeiðum hér.

Samningur við Tölvuskóla Vestmannaeyja var endurnýjaður en Tölvuskólinn samnýtir nú aðbúnað og kennslustofu fyrir starfseminu í húsnæði Visku í Setrinu. Viska sér um auglýsingar og undirbúning námskeiða að öðru en kennslu. Heldur er sá búnaður sem notaður er til tölvukennslu að eldast og gagnast ekki sem skyldi. Verður því að endurnýja hann og taka verður ákvörðun hvers er að gera það, Visku eða Tölvuskólans.

Í hnotskurn má segja að til að halda aðsókn sem mestri á námskeið hjá Visku er nauðsynlegt að bjóða sífellt upp á ný og spennandi námskeið eða bæta þau sem fyrir eru. Má í þessu sambandi t.a.m. nefna vel heppnuð nýleg námskeið í indverksri matargerð og Tyrkjarámsgöngu. Góð aðsóknvar á námskeiðin og enn er verið að spyrja um framhald.

## **Fjarnám**

### **Fjarnám á framhaldsskólastigi**


Fræðslu- og símenntunarmiðstöðin Viska og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum gerðu samning við Menntafélagið ehf. sem nú ber nafnið Fjöltækniskóli Íslands. Samstarfið spannst út frá áhuga vélstjóra á að taka 3.stig vélstjórnar með vinnu á sjó. Samstarfið fólst í því að Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sinnir hluta kennslunnar og Fjöltækniskólinn annan hluta hennar. Viska hafði forgöngu um að koma náminu á, en sinnti að öðru leiti hlutverki tengiliðs og próftöku að hluta. Þetta nám fór heldur fram úr kostnaðaráætlun og ekki hefur tekist að koma því á fót aftur. Ekki er þó öll von úti enn um það mál.

## Fjarnám á háskólastigi

Fjarnám á háskólastigi hefur aukist verulega. Stór hópur hóf nám við kennaradeild Háskólans á Akureyri í leikskóla- og grunnskólafræðum. Alls voru það 21 nemandi sem hóf námið en eru 18 þegar þetta er ritað. Með tilkomu nýju menntabruarinnar hefur umsýsla um fjarnám á háskólastigi einfaldast til muna. Það hefur þó einn annmarka en það er að erfitt reynist nú að tengja myndfundi við lönd eða staði sem enn eru í ISDN sambandi í gegnum Símann. Þeim fer þó fækkandi og má gera ráð fyrir að þessi vandi verði úr sögunni innan tíðar. Það má því kallast byltingarkennd breyting í rekstri fjarnámsins eftir að Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kvasir samtök símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, festu sameiginlega kaup á Menntabrunni.

Keyptur var nýr búnaður af Polycom gerð af Nýherja af smærri gerð. Búnaðirnir tveir sem fyrir voru orðnir það umsetnir að ástæða þótti til að bæta við tæknibúnaðinn. Nú er Viska með fjarfundabúnað í öllum þremur skólastofunum sem hún hefur til umráða, tvo stærri og einn fyrir minni fundi. Á álagstímum á veturna eru allir þessir búnaðir í notkun mestan hluta vikunnar.

Mynd 3 Fjöldi fjarnema skólaárið 2005-2006. Alls eru þetta 63 fjarnemar sem dreifast á 6 háskóla. Þess ber að geta að ekki eru hér taldir með nemar sem lokið hafa embættisnámi á háskólastigi og eru að sækja sér framhaldsmenntun í sinni grein eða tengdri. Með þeim aðilum hækkar þessi tala umtalsvert. Stefnt er að því að ná utan um þann fjölda líka svo að hjá Visku verði vistaðar upplýsingar um fjölda nemenda í námi á öllum háskólastigum.



Mynd 3 sýnir fjölda nema í háskólanámi eftir skólum



Einnig má segja frá því að afar margir sóttu um háskólanám sl. haust en fengu ekki inni vegna skorts á grunnmenntun.

Haldin var kynning á því háskólanámi sem í boði er á haustönninni hér í Visku nú nýverið. Það er skemmst frá því að segja að fjöldi manns mætti til kynningarinnar og fleiri hafa haft samband símleiðis. Mestur er áhuginn nú á viðskiptafræði og lítils háttar á þjóðfræði eða sagnfræði.

Kynning á fjarnámsframboði ásamt leiðsögn og ráðgjöf við umsóknir í skóla hefur aukist mikið. Fjöldi fjarnema verður þó líklega breytilegur eftir árum en ljóst er að mikill vilji og/eða áhugi er fyrir hendi en helst skortir á grunnmenntun til að geta sótt í háskólanám. Hjúkrunarfræðinemar, sem stundað hafa nám frá Háskólanum á Akureyri munu útskrifast nú í vor en á þessu stigi er ekki alveg ljóst hve margir þeir verða. Viska mun standa fyrir háskólahátíð hér í Eyjum þann 17. júní n.k. í samstarfi við útskriftarnemana. Til þeirrar hátíðar verður einngi boðið öðrum þeim háskólanemum sem útskrifast í vor þó ekki séu þeir nemar við Háskólann á Akureyri. Verður hátíðin haldin í Alþýðuhúsinu 17. júní frá klukkan 14:00-17:00.

Endurnýjun samstarfssamninga vegna fjarnáms hefur verið í umræðunni og í því sambandi boðaði Háskólinn á Akureyri til fundar við starfsmenn Háskólans sl. haust. Kynnt var starfsemi Háskólans, samstarfið rætt og lögð fram drög að samstarfssamningi. Töldu félagar Kvasis ekki tímabært að ganga til samninga þar sem nefnd sem fjalla á um þetta málefni hefur ekki skilað af sér. Fundurinn var mjög góður og löngu tímabær að mati forstöðumanns og mættu fleiri háskólar taka sér þetta til fyrirmyndar.

Fjarfundir utan hefðbundins fjarnáms eru þó nokkrir og nýta nokkrar stofnanir sér það óspart. Fjarfundir spara fyrirtækjum og stofnunum bæði tíma og peninga. Stofnanir sem aðallega hafa verið að nýta sér þetta eru: Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins, Sjúkraliðafélag Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Svæðisvinnumiðlun, FÍV og Skólaskrifstofa Vestmannaeyjabæjar. Einnig hafa samtök símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni Kvasir nýtt sér sérstaka aðstöðu sína við fundahöld. Um leið og stofnanirnar spara tíma og peninga auka þær um leið fjölbreytni í endurmenntun og samskiptum af margvíslegu tagi. Segja má því að með nýrri og öflugri ljósleiðaratengingu og bættum búnaði til fjarnáms höfum við stuðlað að einni mikilvægustu samgöngubót fyrir Eyjarnar.

## **Samstarfsaðilar um fjarnám**

Helstu samstarfsaðilar um fjarnám á háskólastigi eru Háskólinn á Akureyri sem er með langstærstan hluta fjarnema á sinni könnu, þá er það Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Samstarfssamninga þarf að endurskoða reglulega þar sem

bæði námið og hlutverk símenntunarmiðstöðvanna gagnvart kostnaðarhliðum fjarnámsins þarf að vera skýr.

Á vegum Menntamálaráðuneytisins er nefnd að störfum sem vinnur að þessum málum og á Kvasir þar tvo fulltrúa inni. Nefndin skilaði nýverið skýrslu varðandi þessi mál. Þar kemur skýrt fram að ekki er nægjanlegt fjármagn sett í háskólamenntun í símenntunarmiðstöðvum landsins og verður að leita leiða til að breyta þeirri stöðu. Fjármagn það er stöðvarnar hafa úr að spila eru ætlaðar í grunnstarfsemi og dugar varla fyrir henni.

Aðstaða fyrir fjarnemendur hefur aukist til muna eftir að opnað var nemendaeldhús og viðbótarkennslustofa í Rannsókn- og fræðasetrinu. Keypt hafa verið inn í það örbylgjuofn o.fl. þannig að nemar geti útbúið sér næringu og annað á meðan á námi þeirra stendur hér. Mikið hefur aukist að fjarnemar nýti aðstöðuna hér á Strandvegi til náms, ekki aðeins að þyggja kennslustundir um fjarfundabúnað heldur sem lesstofu. Nemendur sem nýta stofu Framhaldsskólans hafa haf nú fengið vask inn í stofuna. Það hefur samt þróast þannig að nemar sækjast eftir aðstöðu hér í Setrinu fremur en í Framhaldsskólanum.

## **Kynningarstarfsemi**

Undirbúningur og framkvæmd Viku símenntunar gekk ágætlega. Vika símenntunar er árlegt átkasverkefni á vegum Menntar. Þetta verkefni ráðuneytisins er endurskoðun og eiga aðilar Kvasis þar aðila í nefnd um framkvæmd hennar. Er viku símenntunar frekar getið hér á eftir.

Önnur kynningarstarfsemi fólst í kynngum hjá félagasamtökum og heimsóknnum í fyrirtæki og stofnanir. Mikill kostnaður fer í að auglýsa námskeiðahald og erfitt að meta hvaða aðferð virkar best. Sú ákvörðun var tekin sl. haust að draga úr auglýsingum í blöðum. Það hefur skilað sér í minni auglýsingakostnaði en ekki fækkun þátttakenda á námskeið hjá Visku.

Netpóstur er sendur út reglulega en utanumhald um netföng og vefsíðu er þó nokkuð. Vefsíða Visku er uppfærð reglulega og bæði fréttir og námskeiðahald safnast þar upp sem er mjög gott fyrir starfsemina og til heimildaöflunar um liðið starf. Vefsíðan var endurgerð nú í vetur og er í stöðugri þróun.

## **Vika símenntunar, Viska fyrir alla – “Hvað stoppar þig?”**

Þessi slagorð Viku símenntunar haustið 2005 “Hvað stoppar þig?” segja meira en mörg orð. Nú þegar hefur fjöldinn allur af fólki lagt leið

sína til Visku inn af götunni til að fá ráðgjöf, setjast á námskeið eða jafnvel stunda fjarnám.

Menntamálaráðuneytið stendur fyrir Viku símenntunar en Mennt sér um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar níu um allt land. Vika símenntunar er kynningar- og hvatningarátak og er markmiðið að vekja fólk til umhugsunar um að menntun er æviverk og að alltaf er hægt að bæta við sig þekkingu. Vika símenntunar var haldin á ólíkum tímum því að þessu sinni var símenntunarmiðstöðvunum gefið frjálst hvenær vika símenntunar var haldin. Því starfi var svo fylgt eftir með áframhaldandi hvatningarátaki yfir veturinn víða á landsbyggðinni. Áherslan að þessu sinni var tvíþætt. Annars vegar var hugað sérstaklega að fólki sem litla eða enga formlega menntun hefur og það hvatt til að bæta við sig. Hins vegar var hugað sérstaklega að landsbyggðinni og símenntunarmiðstöðvarnar níu um landið sáu um framkvæmd átaksins hver á sínu svæði. Meðal annars voru fyrirtæki heimsótt til að ná til fólks sem alla jafna leita sér ekki fræðslu, auk þess sem boðið var upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf. Hér í Vestmannaeyjum voru það eftirfarandi námskeið:

- ❖ Viltu vinna með þér; viðfangsefnið hvernig starfsmaður er ég gagnvart öðrum og hvernig við ég aðrir samstarfsmenn séu við mig.
- ❖ Gerð umsókna og ferilskráa.
- ❖ Internet grunnnámskeið.

Símenntunardagur fyrir forstöðumenn í fyrirtækjum var haldinn í Höllinni 30. september. Þar var boðið upp á fyrirlstur kem kallaðist Streita krydd lífsins-dauðans alvara. Einnig voru fyrirtæki hvött til að tileinka dag fræsöllumálum starfsmanna, t.d. með því að kynna starfsmönnum fræðslustefnu fyrirtækisins eða setja af stað námskeið. Einnig er tilvalið að fá aðila sem halda námskeið í heimsókn í Vikunni með kynningar eða örnámskeið fyrir starfsmenn. Vikan býður líka upp á tækifæri til að fá fulltrúa stéttarfélagi til að heimsækjka fyrirtæki og kynna með hvaða hætti þau styðja við símenntun félagsmanna sinna.

Í Vikunni var einnig lögð rík áhersla á almenna hvatningu til fræðsluaðila og fyrirtækja að kynna innan fyrirtækja námskeið og ráðgjöf fyrir þá sem hafa litla eða enga formlega menntun.

## **Sérverkefni**

Sérverkefni voru ýmis konar í vetur og felast fyrst og fremst í gerð starfsdaga fyrir fyrirtæki og stofnanir. Viðburðastjórnunarnám það er

farið var í að þróa hjá Nýsköpunarstofu kom í hendur Visku í haust og fór mikill tími í að markaðssetja það og reyna að finna því brautargengi. Ekki hefur það tekist enn og strandar fyrst og fremst á því að til þess að af því megi verða þarf að fá viðurkenndan háskóla til að vista háskólatengda námið hjá sér. Skýr svör fengust í menntamálaráðuneytinu um það að ekki yrðu stofnaðir fleiri háskólar á Íslandi í bili. Nauðsynlegt er að vinna áfram með þessa hugmynd og næstu skref eru að athuga vilja Háskóans á Hólum til samstarfs eða að breyta náminu í nám á framhaldsskóastigi og fara þá í samstarf við FIV eða þróa námið í sí- og endurmenntun og mun þá Viska geta tekist á við mestan þátt námsins en áfram í samstarfi við háskólastofnanir.

Viska kom að undirbúningsvinnu um Vaxtarsamning fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar og væntum við þess að það muni skila sér beint inn til Visku en þó í miklu samstarfi við Rannsókar- og fræðasetrið.

## **Markviss ráðgjöf**

Markviss ráðgjöf Visku aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að koma fræðslustarfsemi fyrirtækja og stofnana í þennan farveg sem atvinnurekendur og starfsmenn eru sáttir við. Markviss aðferðafræðin tekur mið af þörfum allra og leiðir tvímælalaust til markvissari vinnubragða og aukinnar ánægju meðal starfsmanna. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni þ.m.t. Viska sinna svonefndri Markviss ráðgjöf en með slíkri ráðgjöf má greina þörf á sí- og endurmenntun hjá fyrirtækjum og stofnunum og gera sí- og endurmenntunaráætlanir. Þessari ráðgjöf fylgja fyrirtækin og stofnanirnar eftir ef til vill áfram í samráði við Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöð sem um leið verður þeirra fræðslustjóri. Vel heppnuð starfsemi Markviss í símenntunarmiðstöð má m.a. sjá á Austurlandi og, Akureyri og Suðurnesjum. Vefsíða Markviss ráðgjafar er [www.markviss.com](http://www.markviss.com) en þar má finna frekari upplýsingar um aðferðina og verkefni sem unnin hafa verið víðs vegar um landið.

## **Kvasir**

Kvasir ætti að vera aðstandendum Visku kunnur núorðið. Stjórn Kvasis er skipuð forstöðumönnum úr stöðvunum kringum landið, þremur hverju sinni. Skiptist stjórnarseta þannig að farin er hringferð um landið. Undirrituð fór því inn í stjórn Kvasis sl. haust og situr nú annað ár sitt þegar þetta er ritað, ásamt forstöðumanni Fræðslunets Suðurlands og forstöðumanni Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

Til að starfs- og endurmenntun verði markviss og skýr þarf að koma til greining á þörfinni og áætlanagerð í því sambandi hjá fyrirtækjunum. Og til að árangur náist þarf tilgangurinn að vera starfsmönnum augljós og markmiðin skýr. Þess vegna er oft besta lausnin að leita til starfsfólksins sjálfs eins og gert var við endurskoðun fiskvinnslunámskeiðanna sem nú hafa verið í endurvinnslu og eru að fara af stað að nýju. Starfsfólkið sjálft hefur reynsluna og þekkinguna á sínu sviði og þess vegna var leitað til þeirra. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni fara nú í auknum mæli í greingingarvinnu ýmis konar til að gera star sitt markvissara og svo að markaðssetningin verði ekki ómarkviss.

Starf Visku hefur gengið vel eins og ársreikningar sýna. Meðfulgjandi er fylgiskjal sem sýnir tölulega hvernig vorönnin hefur tekist til.

Þessu átaki þarf að halda áfram sem og að virkja fleiri til samstarfs um fræðslu meðal almennings. Það hefur sýnt sig að þátttaka og framboð á fræðslu í atvinnulífinu skilar fyrirtækjunum ánægðara og hæfara starfsfólki. Hvet ég því stofnanir og fyrirtæki í Vestmannaeyjabæ að styðja við fólkið sitt, auka mannauð meðal starfsmanna sinna um leið að styrkja starfsemi Visku.

Með þökk fyrir fyrsta ár mitt í starfi hjá Visku og von um fjölbreytilegt og auðgandi starf á komandi ári.

F.h.Visku Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar  
Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður